

Hverfisráð Hríseyjar

116. fundur

Sunnudaginn, 15. apríl 2018, kl 14:00 var haldinn 116. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Hreinsunardagur

Ákveðið var að hreinsunardagurinn verði laugardaginn 12. maí 2018 og verður hann auglýstur síðar.

2. Aðalfundur

Hverfisráð leggur til að aðalfundur Hverfisráðs Hríseyjar verði 06. júní 2018 kl. 17:00.

3. Hafnarsvæði á Árskógssandi

Ýmislegt var rætt er varðar aðstöðu á hafnarsvæðinu á Árskógssandi. Öryggismyndavélar á hafnarsvæðinu er eitthvað sem ætti að vera löngu komið og einnig vantar að merkja stæði fyrir fatlaða, svo eitthvað sé nefnt. Hafnarsvæðið í heild sinni sem tilheyrir Hríseyjarferjunni þarf að endurskoða og stórbæta með öryggismál og aðstöðu fyrir farþega að leiðarljósi. Erindi þess efnis þarf að senda á Hafnarsamlag Eyjafjarðar og Vegagerðina.

4. Önnur mál

Mikið hefur borið á því að flokkun sorps sé ábótavant, og þarf að skerpa á við íbúa eyjarinnar að flokka betur. Árangursríkast væri að heimsækja íbúa og fara yfir þessi mál og brýna fyrir fólki að flokka betur.

Formaður átti fund með forsvarsmönnum K&G sem reka fiskverkunina í eyjunni í lok síðasta mánaðar. Hann upplýsti nefndarmenn um fundinn, en hann snerist um að fiskafurðir, sem fyrirtækið aflar, séu unnar meira í Hrísey, og stendur það vonandi til bóta ef allar áætlanir fyrirtækisins ganga eftir.

Borið hefur verið á því að aksturlag sumra eigenda ökutækja í eyjunni er ekki til fyrirmyndar. Til þess að reyna að uppræta slíkt aksturslag væri hægt t.d. að setja upp eftirlitsmyndavélar og að láta lögreglu vita ef fólk verði vitni af slíkum glæfraakstri. Árangursríkast er samt það að íbúar allir sem einn standi saman að því að slíkt aksturlag er ekki liðið í samfélagi eins og Hrísey.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 15:00.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker